


AÐALFUNDUR EININGAR-ÍÐJU 2014



Menningarhúsið HOF
Fimmtudaginn 10. apríl 2014 kl. 19:30

Aðalfundur Einingar-Iðju haldinn í Menningarhúsinu HOFI Akureyri

10. apríl 2014 kl. 19:30

Dagskrá

1. Fundarsetning/fundarstjóri.
a) Látinna félaga minnst.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Reikningar félagsins.
4. Lýst kjöri stjórnar, trúnaðarráðs og skoðunarmanna.
5. Kosning löggilts endurskoðanda félagsins.
6. Veiting gullmerkis félagsins.
7. Kaffihlé.
8. Kosnir tveir fulltrúar í kjörstjórn og tveir til vara.
9. Kosið í fastanefndir félagsins og stjórnir.
10. Kosnir 33 fulltrúar á aðalfund Stapa lífeyrissjóðs.
11. Kosinn varamaður í stjórn Stapa lífeyrissjóðs.
12. Ákvörðun um stjórnarlaun aðalstjórnar.
13. Önnur mál.

Eining-Iðja - Ársreikningur 2013

Efnisyfirlit	bls.
Ársskýrsla	2
Skýrsla stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	14
Áritun skoðunarmanna	15
Yfirlit um rekstrarafkomu félagsins	16
Yfirlit um efnahag félagsins	17
Rekstrarreikningur félagssjóðs	18
Efnahagsreikningur félagssjóðs	19
Efnahagsreikningur félagssjóðs	20
Rekstrarreikningur sjúkrasjóðs	21
Efnahagsreikningur sjúkrasjóðs	22
Rekstrarreikningur orlofssjóðs	23
Efnahagsreikningur orlofssjóðs	24
Rekstrarreikningur vinnudeilusjóðs	25
Efnahagsreikningur vinnudeilusjóðs	25
Rekstrarreikningur fræðslusjóðs	26
Efnahagsreikningur fræðslusjóðs	27
Rekstrarreikningur byggingarsjóðs	28
Efnahagsreikningur byggingarsjóðs	29
Rekstrarreikningur hússjóðs Dalvíkur	30
Efnahagsreikningur hússjóðs Dalvíkur	31
Rekstrarreikningur hússjóðs Siglufjarðar	32
Efnahagsreikningur hússjóðs Siglufjarðar	33
Rekstrarreikningur skrifstofu Einingar-Iðju	34
Samandreginn rekstrarreikningur	35
Samandreginn efnahagsreikningur	36
Sjóðstreymi	37
Skýringar og sundurliðandir	38
Dagskrárliður 4 – Stjórn, skoðunarmenn og trúnaðarráð	43
Dagskrárliður 5 - Löggiltur endurskoðandi félagsins	44
Dagskrárliður 8 - Kjörstjórn	44
Dagskrárliður 9 - Fastanefndir félagsins og stjórnir	44
Dagskrárliður 10 - Fulltrúar á ársfund Stapa lífeyrissjóðs	45
Dagskrárliður 11 – Fulltrúi í varastjórn Stapa lífeyrissjóðs	45
Dagskrárliður 12 - Stjórnarlaun	45

Ársskýrsla

Stéttarfélagið Eining-löja var stofnað þann 15. maí 1999. Félagið var stofnað við sameiningu Verkalýðsfélags Einingar og löju félags verksmiðjufólks. Fullgildir félagsmenn í árslok 2013 voru 6.594.

Starfsemin á árinu

Starfsemin á árinu var með svipuðu sniði og árið áður. Félagið rekur skrifstofur á Akureyri, Dalvík og Siglufirði. Á árinu 2008 sameinaðist almenna deild Vöku á Siglufirði Einingu-löju.

Laun formanns á árinu námu kr. 7.914.248 og laun stjórnar kr. 3.077.520.

Staðfesting ársreikningsins

Stjórn Einingar-löju staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2013 með áritun sinni.

Akureyri, 31. mars 2014.

Stjórn

Björn Steinar
Jóhanna Kristin
Sigríður H. Bjarkadóttir
Róbert Þorsteinsson
Hafdis Kristjánsdóttir
Anna Júlíusdóttir
Magrét Jónsdóttir
Guðrún J. Þorbjarnardóttir
INVAR KEISJÁNSSON
Margrét H. Magnúsdóttir
Sigríður Jósepsdóttir

Skýrsla stjórnar

Starfssvæði félagsins

Starfssvæði Einingar-Íðju er Akureyri, Dalvík, Fjallabyggð og allir hreppar Eyjafjarðarsýslu. Einnig Svalbarðsstrandar og Grýtubakkahreppur í Suður-Þíng-eyjarsýslu. Varnarþing og heimili félagsins er á Akureyri.

Félagsgjald

Félagsgjald er 1% af öllum laun-um. Ekki er innheimt lágmarksgjald.

Atvinnuleysisbætur

Í lok árs 2013 voru 203 félagsmenn á atvinnuleysissskrá, þ.e.a.s. þeir sem létu draga af sér félagsgjöld af atvinnuleysisbótunum. Því miður er alltaf eitthvað um að fólk láti ekki draga af sér slík gjöld og tapi þar með réttindum. Þetta er fækkun um 124 frá árinu á undan.

Starfsmenn

Anna Guðný Guðmundsdóttir lét af störfum á starfsárinu. Hildur Petra Friðriksdóttir var ráðin í hennar stað og starfar hún sem

ráðgjafi hjá VIRK Starfsendurhæfingarsjóði.

Starfsmenn félagsins eru:

Anna Júlíusdóttir, Ásgrímur Örn Hallgrímsson, Björn Snæbjörnsson, Brynja Skarphéðinsdóttir, Freydís Antonsdóttir, Íris Björk Árnadóttir, Margrét Einarisdóttir, Margrét Jónsdóttir, Sigrún Lárusdóttir og Þorsteinn E. Arnórsson. Dalrós J. Halldórsdóttir, Elsa Sigmundsdóttir, Hildur Petra Friðriksdóttir og Nicole Kristjánsson eru ráðgjafar hjá VIRK.

Svæðisfulltrúar

Hjá félaginu starfa fimm svæðisfulltrúar sem staðsettir eru á jafnmörgum þéttbýlisstöðum utan Akureyrar. Þetta eru: Guðrún Þorbjarnardóttir í Hrísey, Hafdís Kristjánsdóttir í Ólafsfirði, Sigríður Jósepsdóttir á Dalvík, Margrét Jónsdóttir á Siglufirði og Róbert Þorsteinsson á Grenivík.

Stjórn félagsins 2013-2014

Björn Snæbjörnsson formaður, Anna Júlíusdóttir varaformaður

og Halldóra H. Höskuldsdóttir ritari.

Formenn deilda:

Ingvar Kristjánsson, Margrét H. Marvinsdóttir og Sigríður K. Bjarkadóttir.

Svæðisfulltrúar:

Guðrún Þorbjarnardóttir, Hafdís Kristjánsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Róbert Þorsteinsson og Sigríður Jósepsdóttir, sem kom inn í stjórn í janúar þegar hún tók við sem svæðisfulltrúi Dalvíkurbyggðar í stað Ingvars Sigurbjörnssonar.

Almenn starfssemi og þjónusta

Starfsmenntastyrkir	716
Styrkir úr sjúkrasjóði	1.923
Orlofshús og styrkir	1.072
Orlofsferðir og leiksýningar	294
Samtals	4.005

Helstu styrkir úr félagssjóði

Jólaaðstoð700.000
Krabameinsfélag Ak350.000
Iðnaðarsafnið á Ak.150.000

Lykiltölur

Tekjur	2013	2012
Félagsgjöld	126.905.011	115.672.779
Sjúkrasjóðsgjöld	101.595.258	92.265.208
Orlofssjóðsgjöld	49.049.328	45.023.417
Húsaleiga	24.666.596	21.705.433
Aðrar tekjur	39.110.497	31.215.923
Samtals tekjur	341.326.690	305.882.760
Gjöld		
Styrkir til félagsmanna	108.404.137	108.189.130
Rekstur og viðhald fasteigna	47.559.076	53.763.356
Rekstrarkostnaður og afskriftir	194.505.066	164.636.566
Samtals gjöld	350.468.279	326.589.052
Fjármagnsliðir	20.434.339	26.355.180
Hreinar tekjur til ráðstöfunar	32.827.313	3.568.888



Félagatal

	Aðalfélagar	Svæðisráð
2013	6.594	1.365
2012	6.249	1.301
2011	7.349	1.422
2010	7.080	1.533
2009	8.095	1.511

Starfsgreinadeildir

	2013	2012*	2011*	2010	2009
Opinbera deildin	1.148	1.384	1.457	2.815	2.612
Matvæla- og þjónustu.	1.892	1.783	1.732	3.931	3.482
Iðnaðar- og tækjadeild	756	802	819	1.777	2.001

* Frá og með 2011 er fjöldi reiknaður út frá greiðandi félagsmönnum

Fjárveitingar úr sjúkrasjóði 2013

	Fjöldi	Upphæð
Dagpeningar	171	76.368.810
Útfararstyrkir.....	15	2.960.000
<i>Bætur samtals</i>	<i>186</i>	<i>79.328.810</i>
Styrkir til félagsmanna		
Sjúkraþjálfun og sjúkranudd.....	596	8.912.045
Krabbameinsskoðun.....	343	1.691.921
Líkamsrækt	564	4.658.360
Aðrir styrkir (glæraugu, heyrnartæki o.fl.)	234	3.908.795
<i>Styrkir til sjóðsfélaga samtals</i>	<i>1.737</i>	<i>19.171.121</i>
Bætur og styrkir til félagsmanna úr sjúkrasjóði 2013	1.923	98.499.931

Stjórn Sjúkrasjóðs starfsárið 2013-2014

Aðalmenn: Sigrún Lárusdóttir, Jakob Tryggvason og Lára Einarsdóttir.

Varamenn: Hulda Einarsdóttir, Margrét Sigurðardóttir og Sigríður Ólafsdóttir.

Námskeið

Á starfsárinu er búið að halda nokkur trúnaðarmannanámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélög í Alþýðuhúsinu. Mjög góð þátttaka var á námskeiðunum og eins og alltaf er gott að fá nemendur frá fleiru en einu félagi á þessi námskeið því þá koma fram sjónarmið frá ólíkum starfsgreinum.



17 félagsmenn tóku þátt í dyra- varðanámsskeiði sem haldið var í samvinnu við Sýslumanninn á Akureyri. 13 sátu enskunámsskeiði sem fram fór í SÍMEY. 18 þátttakendur tóku þátt í tveimur námskeiðum í jólakortagerð og var annað þeirra haldið í Fjalla- byggð. Níu sátu námskeið í hvernig mála skal á keramik sem fram fór í Keramikloftinu á Akureyri og 16 félagsmenn tóku þátt í tveimur námskeiðum í

Steinamálun. Tvö matreiðslu- námskeið með bakstursívafi voru haldin á Dalvík þar sem fjölmargir félagsmenn tóku þátt.

Nú stendur yfir framhaldsnámsskeið á tölvur í samvinnu við SÍMEY og Tölvufræðsluna og sitja 12 félagsmenn það námskeið. Síðar í apríl stendur félagið fyrir Starfslökanámsskeiði sem stendur yfir tvö kvöld.

Starfsmenntasjóðir

Brynja Skarphéðinsdóttir veitir allar upplýsingar og er tengiliður við starfsmenntasjóðina þrjá sem félagið er aðili að, Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt. Hún hefur einnig umsjón með félagslegri fræðslu hjá félaginu. Anna Júlíusdóttir sér um starfs- og tómstundanámsskeið sem félagið heldur.

Á síðasta ári fengu alls 716 félagsmenn, 450 konur og 256 karlar, einstaklingsstyrki úr sjóðunum. Þetta er 16 fleiri styrkir en árið áður. Upphæðin sem þau fengu var rúmlega 1,8 milljónum

króna hærri en árið áður, eða kr. 24.816.700.

Aldursdreifing styrkþega

Aldur	Fjöldi
17-20 ára	76
21-30 ára	294
31-40 ára	139
41-50 ára	101
51-60 ára	77
61-70 ára	29

Hvaða námskeið eða nám er um að ræða?

Íslenska fyrir útlendinga	53
Tölvunám/námskeið	7
Aukin ökuréttindi	20
Bílpróf	32
Tungumálanám	19
Framhaldsnám	141
Háskólanám	133
Tómstundanámsskeið	52
Starfsnám	146
Annað	79

Hverjir sóttu námskeiðin?

Almenni markaðurinn	452
Sveitafélög	249
Ríkið	15



Ferðafélagar í „Fjallaferðinni“ 2013

Leikhús

126 félagsmenn sem eru lífeyrisþegar fóru í boði félagsins og sáu leikritið „Dagatalsdömunar“ sem sýnt var í Freyvangi.

Orlofsmál

Árið 2013 var farið í þrjár ferðir eins og venjulega.

- 36 fóru í ferð til Þýskalands.
- 47 fóru í Fjallaferðina þar sem farið var um Suðurland.
- 85 fóru í eins dags ferð fyrir eldri félagsmenn þar sem farið var um Melrakkaslétu til Raufarhafnar, Þórshafnar og Húsavíkur.

„Vika að eigin vali“

Á árinu 2013 voru í boði 200 styrkir sem kallast „Vika að eigin vali“ Hver styrkur er að upphæð kr. 18.000 og voru þeir vel nýttir af félagsmönnum.

Orlofshús og orlofsíbúðir

Tæplega átján orlofshús og sex orlofsíbúðir voru í eigu Einingar-löju í fyrra. Félagið á einnig tvær sjúkraíbúðir í Reykjavík. Fyrir á þessu ári keypti félagið 10% hlut sem Bílstjóræfælag Akureyrar átti í Tjarnargerði og á því húsið að fullu.

Íbúðir félagsins í Reykjavík eru alltaf í notkun og komast færri að en vilja þrátt fyrir fjölgun þeirra á undanförunum árum. Eining-löja á nú sjö íbúðir í Reykjavík, en tvær þeirra eru notaðar sem sjúkraíbúðir. Að auki tók félagið á leigu um mitt síðasta ár íbúð á 6. hæðinni í Ásholti 2 sem notuð er sem orlofsíbúð. Hún er samt leigð eftir þörfum, þ.e. eins og sjúkraíbúðir félagsins.

Með viku fyrirvara er hægt að panta þrif og lín á sængur og kodda hjá umsjónarmanninum í Reykjavík. Allar upplýsingar um

leiguna koma fram á samningi sem viðkomandi fær þegar hann leigir íbúð hjá félaginu.

Gæluðýr eru stranglega bönnuð í öllum húsum félagsins því dæmi eru um að slæm ofnæmistilfelli hafi komið upp. Fram kemur í leigusamningi að leigutaki skuldbindi sig til að borga kr. 25.000 sekt ef þessi regla er brotin.

Nýting orlofshúsa 2013

Auk húsa og íbúða sem eru í eigu félagsins var Eining-löja með orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum. Einnig tók félagið á leigu nokkur hús. Nýting húsa í fyrra má sjá í eftirfarandi töflum. Nýtingin var mjög góð þrátt fyrir að óveður og ófærð settu strik í reikninginn bæði í upphafi og lok ársins.

Skipti- og leiguhús	Sumarvikur
Einarsstaðir (2)	23
Munaðarnes (2)	21
Klifabotn í Lóni (1)	10
Brekkuskógur (2)	20
Ölfusborgir (1)	12
Úlfjótssvatn (1)	8
Súðavík (1)	7
Bjarteyjarsandur (1) ...	9
Garðshorn (1)	10

Hús í eigu félagsins	Vikur	Helgar
Illugastaðir (5) (14 yfir veturinn) ...	86	210
Flókalundur í Vatnsfirði (1)	12	1
Einarsstaðir (1)	14	7
Svignaskarð (1)	23	26
Tjarnargerði (0,9)	18	33
Reykjavík (5)	243	11 (stubbaleigur)
Reykjavík (1) Leiguíbúð	12	35 (stubbaleigur)
Egilsstaðir (1)	8	13

Fundir hjá félaginu

Fjölmargir fundir voru haldnir hjá félaginu á síðasta starfsári.

Trúnaðarráð

Tveir fundir voru haldnir í trúnaðarráðinu þar sem m.a. var fjallað um stöðuna í samningamálum, uppstillingu í stjórn og trúnaðarráð og fulltrúa á þing.

Á fyrri fundinum var gengið frá listum stjórnar og trúnaðarráðs á AN þing og þing SGS sem fram fóru í október. Einnig var samþykkt samhljóða tillaga um skilafrest lista vegna þinganna. Á fundinum var einnig samþykkt tillaga um þrjár breytingar í samninganefnd félagsins.



Á seinni fundinum var gengið frá lista stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2014/2015. Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, kynnti nýjan kjarasamning við Samtök atvinnulífsins og fyrirkomulag á atkvæðagreiðslu um hann. Á fundinn kom Drífa Snædal, framkvæmdastjóri SGS, og kynnti kvennaráðstefnuna „Nordisk forum“ sem verður í Malmö í Svíþjóð dagana 12. til 15. júní 2014. Á ráðstefnunni koma saman konur frá öllum Norðurlöndunum til að ræða jafnréttismál og framtíðina. Í þau tvö skipti sem ráðstefnan hefur verið haldin hafa Íslenskar konur ekki látið sitt eftir liggja. Hún sagði að tilgangurinn væri að vekja áhuga á áskorunum jafnréttisbaráttunnar. Miðla þekkingu og hugmyndum. Búa til kröfur og tillögur að jafnréttisþólitík. Búa til tengslanet. Styrkja konur á Norðurlöndunum og víða. Anna Júlíusdóttir varaformaður steig einnig í pontu og hvatti þær sem hafa áhuga á að fara til að hafa samband við sig, t.d. vegna styrkja sem eru í boði.

Samninganefnd

Tíu fundir voru haldnir í samninganefnd á starfsárinu, en aldrei hafa verið haldnir fleiri fundir á einu starfsári í nefndinni. Á þeim fyrsta var farið yfir vinnu nefndarinnar og kynnt vinnuplan fram á haustið. Á fundinn voru boðaðir allir sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið og í lok fundar fengu allir trúnaðarmenn afhenta spurningalista sem þeir sáu um að dreifa á sínum vinnustað. Spurningalistinn var vegna könnunar þar sem spurt var hvað leggja ætti á áherslu í næstu samningum.

Á fundi tvö var sagt frá könnuninni, þ.e. fjölda þeirra sem tóku þátt, m.a. eftir deildum. Björn formaður fór yfir niðurstöður yfirferðar á kjarasamningum með trúnaðarmönnum sem fyrrv. framkvæmdastjóri SGS, Kristján Bragason, tók saman. Á fundinum var nefndinni skipt upp í sex hópa og fjallaði hver hópur um hvort gera eigi stutta samninga eða samninga til lengri ára í næstu kjarasamningaviðræðum. Einnig var tekin ákvörðun um samningsumboð félagsins og umboð vegna viðræðuáætlunar fyrir komandi samninga.



Þriðji fundur nefndarinnar var haldinn í Sveinbjarnagerði, um var að ræða vinnufund sem stóð yfir allan daginn. Björn kynnti niðurstöður könnunarinnar frá því í vor og einnig var unnið í hópavinnu, bæði eftir deildum og einnig almennt um kröfugerð félagsins. Á fundinn mætti Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, og fjallaði um stöðuna hjá ASÍ og horfurnar í samningamálunum.

Á fjórða fundi nefndarinnar var endanlega gengið frá kröfugerðum félagsins.

Á fimmta fundi var farið yfir stöðuna í samningamálum. Björn fór yfir vinnu samninganefndar SGS og kröfugerð sambandsins.

Á sjötta fundi var aftur farið yfir stöðu mála og samþykkt ályktun vegna auglýsingar frá Samtökum Atvinnulífsins.

Á sjöunda fundi sem haldinn var 2. janúar sl. fór fram kynning á kjarasamningi milli SGS og SA. Samþykkt var tillaga um að haldin yrði póstkosning um samninginn og einnig fór fram kosning á formanni og varaformanni kjörstjórnar.

Á áttunda fundi samninganefndar var enn og aftur farið yfir stöðu mála í samningaviðræðunum og tilkynnt að nýr samningur við SA hefði verið felldur í atkvæðagreiðslu hjá félaginu. Nefndinni var skipt upp í hópa sem svöruðu spurningum í sambandi við hvers vegna samningurinn hefði verið felldur. Einnig var sagt frá því að búið væri að boða trúnaðarmenn úr Matvæla- og þjónustudeild og Iðnaðar- og tækjadeild á fund þar til að fjalla um sömu spurningar.

Á níunda fundi var farið yfir niðurstöður spurningalista sem lagður var fyrir síðasta fund nefndarinnar og einnig fyrir trúnaðarmenn í Matvæla- og þjónustudeild og Iðnaðar- og tækjadeild. Einnig var skipað í undirnefndar samninganefndar og aðgerðarhóps.

Á tíunda og síðasta fundi nefndarinnar var farið yfir nýjan samning við SA. Samþykkt var atkvæðagreiðsla um samninginn færri fram á kjörfundi og jafnframt fór fram kosning á formanni og varaformanni kjörstjórnar. Einnig var samþykkt að veita SGS samningsumboð vegna aðalkjarasamninga ef samningurinn við SA verður samþykktur.



Uppstillinganefnd

Uppstillingarnefnd hélt tvo fundi. Eins og undanfarin ár gekk mjög vel að fá fólk til að gegna störfum fyrir félagið.

Almennir félagsfundir

Nokkrir almennir félagsfundir voru haldnir á þéttbýlissvæðunum utan Akureyrar á árinu, m.a. í Grímsey og voru kosnir svæðisfulltrúar á Dalvík, í Hrísey og á Siglufirði. Svæðisfulltrúar eru sjálfkjörnir í aðalstjórn félagsins.

Kynningarfundir um kjarasamninga við SA og ríki voru haldnir á Akureyri, Dalvík, Fjallabyggð, Grenivík og Hrísey. Ekki var hægt að halda fund í Grímsey því ekki var flogið vegna veðurs.

Þá er búið að halda fjölmarga vinnustaðafundi á árinu. Á þeim hafa átt sér stað góðar umræður, en á slíkum fundum er gott að miðla upplýsingum til félagsmanna. Trúnaðarmenn hafa verið hvattir til að vera duglega að halda slíka vinnustaðafundi með starfsmönnum félagsins. Margir aðrir fundir voru haldnir, t.d. fræðslufundir. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa fundi fyrir hönd þess.

Stjórnarfundir

Þrettán fundir voru haldnir í stjórn félagsins þar sem fjölmörg mál voru tekin fyrir, m.a. samningar, fjármál félagsins og önnur mál er varða félagsstarfið í heild.

Vert er að benda á að stjórnarmenn fá afhent á hverjum fundi uppfært yfirlit yfir rekstur félagsins. Þannig veit stjórnin ávalt hvernig staðan er miðað við áætlun sem gerð er í upphafi hvers árs.

Helstu mál sem tekin voru fyrir á stjórnarfundum félagsins:

Á fyrsta fundi stjórnar, þann 2. maí, var m.a. samþykkt sala á eign félagsins í Ráðhúsinu á Dalvík. Farið var yfir ýmis mál efni er varðar Stapa lífeyrissjóð



vegna ársfundar sem verður 16. maí en þar á félagið rétt á 31 fulltrúa. Sagt var frá náms- og kynnisferð sem starfsmenn og stjórn fóru í til Berlínar á eigin vegum. Í þessari ferð lærðist margt nýtsamlegt enda fróðlegt að sjá hvað aðrir eru að gera, bæði erlendis og hér heima. Ýmislegt sem lærðist í ferðinni er nú þegar búið að taka í gagnið,

t.d. í sambandi við auglýsingar félagsins. Á fundinum var jafnframt tekin ákvörðun um að ráðast í breytingar á skrifstofu félagsins á Akureyri og að verkið verði boðið út í haust.

Á fundi 6. júní var m.a. fjallað um húsnæðismál félagsins á Dalvík, fjallað var um söguritun félagsins og tekna fyrir hugmyndir tveggja sagnfræðinga um verkið. Samþykkt var að ganga til samninga við Jón Hjaltason um skrif á sögu félagsins. Sagt var frá formannafundi SGS sem fór fram á Húsavík. Einnig var fjallað um orlofsíbúðir félagsins í Reykjavík, ákveðið að fastsetja stjórnarfundir fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði og ákveðið að fara í dómsmál til að reyna að hnekkja úrskurði Sjúkratrygginga Íslands vegna félagsmanns. Sagt var frá aðalfundi orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum, lögð fram skýrsla um félagatal sem sent var á ASÍ og lagt var fram bréf frá Skipulags- og starfsháttarnefnd ASÍ þar sem tilkynnt var að nefndin hefði staðfest breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs félagsins. Á fundinum var lesinn upp tölvupóstur frá Ingimar Jónssyni þar sem hann þakkaði félaginu fyrir stuðninginn vegna minningarskák-móts um föður hans Jón Ingimarsson og einnig fyrir málþingið sem haldið var fyrr í vetur.

Á fundi 4. júlí sem fram fór á Dalvík var m.a. aftur fjallað um húsnæðismál félagsins á Dalvík, en í upphafi fundar var farið og skoðað húsnæði sem félagið tók á leigu undir starfsseminu. Kynnt bréf frá Pacta og Enor þar sem óskað var eftir aðstöðu til leigu á skrifstofum félagsins á Dalvík og í Fjallabyggð. Samþykkt að ganga til samninga vegna þessa. Lögð voru fram drög að samningi vegna söguritunar og samþykkt stjórnin hann. Farið var yfir bréf sem barst frá Alþýðusambandi Norðurlands vegna 33. þings AN sem verður á Illugastöðum 4. og 5. október.

Lagt var fram og farið yfir minnisblað frá lögfræðingum félagsins vegna máls sem félagið hafði vísað til Hæstaréttar. Greint var frá því að auglýsingarherferð félagsins vegna starfsmanna í ferðabjónustu, sem birst hafa í blöðum að undanförmu, hefur virkað mjög vel og margir haft samband. Fjallað var um fyrirkomulag á ferðum félagsins 2014. Sagt var frá fundi með bæjarstjóranum á Akureyri þar sem farið var yfir athugasemdir sem fram hafa komið vegna mikils álags á starfsmenn Akureyrarbæjar.

Á fundi 5. september var m.a. aftur farið yfir málefni vegna AN þings og farið yfir bréf sem kom frá SGS vegna 4. þings sambandsins sem fram fer á Akureyri 16. til 18. október. Á fundinum var samþykkt að kaupa nýja ljósritunarvél á skrifstofu félagsins á Akureyri, einnig var sagt frá fimm fundum sem búið var að halda á svæðinu um kröfugerð félagsins. Sagt var frá fundi sem SGS hafði boðað dagana 19. og 20. september á Hótel Heklu þar sem farið verður yfir kröfur félaganna sem hafa veitt umboð til SGS varðandi almennu samningana. Kynntar voru spurningar sem verða í kjarakönnun sem Capacent mun framkvæma fyrir félagið og AFL síðar í mánuðinum.

Á fundi 15. október var m.a. kynnt niðurstaða könnunar sem Kristján Bragason, hjá KB ráðgjöf, lagði fyrir stjórnarmenn félagsins. Hann kynnti einnig niðurstöður könnunar sem hann lagði fyrir starfsmenn félagsins. Farið var yfir 33. þing AN sem fram fór á Illugastöðum. Farið var yfir stöðuna í kjaramálum og ákveðið að selja eina af sjúkraíbúðum félagsins í Reykjavík og kaupa aðra sem hentar betur. Tekið var fyrir og samþykkt erindi frá VIRK. Farið var yfir stöðu framkvæmda við skrifstofu félagsins á Dalvík og sagt frá að búið væri að auglýsa eftir tilboðum og halda kynningarfund

vegna breytinga á skrifstofu félagsins á Akureyri. Sagt var frá fundi sem nefnd um samsetningu deilda hélt og farið var yfir vinnu nefndarinnar. Einnig var tekið fyrir bréf frá framkvæmdastjórn Neytendasamtakanna þar sem tilkynnt var að ákveðið hefði verið að loka skrifstofu samtakanna á Akureyri í kjölfar þess að Brynhildur Pétursdóttir lét af störfum hjá samtökunum.

Ágúst Hafsteinsson mætti á fund 30. október og fór yfir fyrirhugaðar breytingar og tilboð sem bárust vegna framkvæmda við breytingar á skrifstofunni á Akureyri.

Á fundi 11. nóvember var m.a. farið yfir niðurstöður af þingi SGS sem fram fór á Akureyri og tilkynnt að félaginu hefði verið sértaklega þakkað öll aðkoma að þinginu, bæði vegna undirbúnings og vinnu á því. Farið var yfir stöðuna í kjaramálunum og samþykkt erindi frá fjórum samtökum sem eru í samstarfi í að veita jólaaðstoð. Samþykkt var að veita styrk að upphæð kr. 700.000. Sagt var frá Norrænu kvennaráðstefnunni, Nordisk forum 2014, sem verður haldin dagana 12. til 15. júní í Malmö í Svíþjóð og samþykkt að styrkja hverja konu sem fer frá félaginu. Einnig var tekið fyrir erindi frá Iðnaðarsafninu og lagt var fram yfirlit yfir ferðir og kostnaðaráætlun vegna ferða sem ferðanefndin hefur skipulagt fyrir sumarið 2014.

Á fundi 2. desember var m.a. tekið fyrir erindi frá Sjúkrahúsinu á Akureyri í tilefni af því að liðin eru 60 ár frá því FSA flutti í núverandi húsnæði. Í bréfinu segir að nú standi yfir áttak í tilefni af afmælinu um að fá ýmsa aðila til að gefa FSA sjúkrarúm. Stjórnin samþykkir að gefa FSA eitt sjúkrarúm upp á kr. 700.000. Einnig var tekið fyrir erindi frá Hagsmunasamtökum heimilanna þar sem óskað er eftir styrk frá Einingu-Iðu. Sagt var frá íbúð sem

búið var að skoða í Reykjavík sem gæti komið í stað sjúkraíbúðar sem búið var að selja. Tillaga að uppstillingarnefnd fyrir næsta starfsár var samþykkt sem og fjöldi fulltrúa eftir svæðum og deildum. Farið var enn og aftur yfir stöðuna í kjaramálum og einnig farið yfir stöðuna á framkvæmdum á Dalvík og á Akureyri. Á fundinum var ákveðið að gefa Lögmannshlið þær bækur sem félagið á aðrar en þær sem tengjast verkálýðsfélögunum.



Á fundi 12. desember kynnti Sigríður Ólafsdóttir, frá Capacent Gallup, niðurstöður launa- og þjónustukönnunar sem gerð var fyrir Einingu-Iðu og AFL starfsgreinafélag. Sagt var frá tilboði sem búið var að gera í íbúð í Reykjavík, farið yfir beiðni sem barst frá aðgerðarhópi SGS og fleira.

Á fundi 2. janúar var m.a. ákveðið að ganga frá kaupum á hlut BSO í Tjarnargerði ef um semst. Kynntur var kjarasamningur SGS og SA sem undirritaður var 21. desember. Ákveðið var að árlegur starfsdagur trúnaðarmanna og annarra sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið verði 16. maí og skipað var í sex manna nefnd úr hópi trúnaðarmanna vegna starfsdagsins. Nefndinni, ásamt Birni og Ásgrími, var falið að koma með hugmyndir að dagskrá dagsins.

Sigríður Jósepsdóttir, nýkjörin svæðisfulltrúi Dalvíkurbyggðar, sat sinn fyrsta stjórnarfund 23. janúar. Þar var m.a. fjallað um niðurstöðu úr atkvæðagreiðslu um kjarasamning SGS og SA. frá 21. desember. Rekstraráætlun fyrir árið 2014 var lögð fram og skýrð. Lögð var fram og samþykkt tillaga um leiguverð á orlofshúsum félagsins frá 1. júní 2014 til 31. maí 2015. Verðlagning verður óbreytt frá fyrra ári. Sagt var frá því að náðst hefði samkomulag við leigubílstjóra um sölu þeirra á 10% hlut í Tjarnargerði. Lagt var fram afsal íbúðarinnar Sóltúns 30 sem félagið keypti þann 14. janúar sl. Í lok fundar var Ingvari Sigurbjörnssyni þakkað fyrir vel unnin störf í stjórn félagsins. Hann lét nýverið af störfum sem svæðisfulltrúi Dalvíkurbyggðar og var honum færður blómvöndur frá félaginu þar sem hann var að sitja sinn síðasta fund í aðalstjórn.



Á fundi 24. febrúar var m.a. fjallað um nýjan samning SGS og SA sem skrifað var undir 20. febrúar og ákveðið að leggja til við samninganefnd að kosning um hann fari fram á kjörfundi. Fjallað var um atvinnuástandið í Hrísey

eftir að öllum landverkamönnum útgerðarfélagssins Hvamms var sagt upp. Stjórnin lýsir áhyggjum sínum á þessu ástandi og felur starfsmönnum félagsins að halda fund með starfsmönnum fyrirtækisins og skoða með fleirum hvað hægt er að gera í stöðunni. Skipað var í nefnd til að endurskoða reglugerð sjúkrasjóðs og einnig var skipað í uppstillinganefnd ráða og nefnda fyrir aðalfund, þar á meðal á aðalfund Stapa. Á fundinum var einnig rætt um aðbúnað starfsmanna við gerð Vaðlaheiðarganga. Sagt var frá að framkvæmdir við nýja íbúð félagsins í Sóltúni 30 í Reykjavík fari að ljúka og að hún verði komið í gagnið um miðjan mars.

Á fundi 31. mars, sem var 13 stjórnarfundur starfsársins og sá síðasti fyrir aðalfund, kom Hermann Brynjarsson, endurskoðandi Einingar-löðu, og kynnti reikninga félagsins fyrir síðasta ár. Fram kom að halli ársins eru rúmar 9,1 milljón, miðað við 20,7 milljón króna halla í fyrra. Að teknu tilliti til fjármagnsliða er afgangurinn rúmlega 32,8 milljónir króna miðað við tæplega 3,6 milljónir í fyrra. Stjórnin samþykkti reikningana og skrifaði undir þá. Á fundinum var einnig farið yfir dagskrá og gögn sem stjórnin mun leggja fram á aðalfundi félagsins þann 10. apríl. Tekið var fyrir erindi frá ASÍ vegna fulltrúaráða lífeyrisjóða og bréf frá Stapa lífeyrisjóði. Þá var samþykkt að fjölga „Vikum að eigin vali“ um 70 næsta sumar.

Aðalfundir starfsgreinadeilda

Aðalfundir starfsgreinadeildanna fóru fram 11. febrúar sl. á Hótel KEA á Akureyri. Sama fyrirkomulag var á fundunum eins og undanfarin ár. Í byrjun voru allar deildirnar þrjár saman á fundi þar sem sem Þórgnýr Dýrfjörð flutti stórgott erindi sem hann kallaði: Mikilvægi þess að vera ekki viss

þar sem hann fjallaði um skoðanir fólks á fjölbreyttan hátt.



Að erindi loknu var boðið upp á kaffiveitingar og svo hélt hver deild fyrir sig sinn aðalfund, hver á sínum stað í húsinu. Þar fóru fram venjuleg aðalfundarstörf. Allir þessir fundir tókust vel en voru misvel sóttir, eins og alltaf.

Formenn deilda eru sjálfkjörin í stjórn félagsins og varaformenn eru sjálfkjörin í trúnaðarráð.

Fundir og ársfundir

Í maí var haldinn aðalfundur STAPA. Í október fóru fram Þing AN og SGS þing. Eining-löða átti að sjálfsögðu fulltrúa á öllum þessum stöðum og verður hér á eftir farið í örstuttu máli yfir það helsta sem gerðist á þessum þremur samkomum.

Aðalfundur Stapa var haldinn 16. maí 2013 í HOFI á Akureyri og átti félagið þar rétt á 31 fulltrúa. Björn Snæbjörnsson er fulltrúi félagsins í stjórn sjóðsins.



Fjárfestingartekjur ársins voru ríflega 12 milljarðar króna. Nafnávöxtun sjóðsins árið 2012 nam 10,1% miðað við 5,2% árið á undan. Raunávöxtun á sama tímabili nam 5,3% samanborið við 0,0% árið 2012. Afkoman,

mæld sem raunávöxtun, er sú besta frá árinu 2006. Nafnávöxtun á söfnum Séreignardeildar var á Safni I 8,8%, á Safni II 10,9% og á Safni III 7,1%. Hrein eign til greiðslu lífeyris var í árslok 131,6 milljarðar króna, sem er hækkun um 14,5 milljarða á milli ára. Alls greiddu 18.505 sjóðfélagar iðgjöld til Tryggingadeildar sjóðsins á árinu 2012. Fjöldi virkra sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld í mánuði hverjum var 12.565. Iðgjöld ársins án tillits til framlags ríkisins til jöfnunar örorkubyrði, námu 5.913 milljónum kr. og hækkuðu um 7,3% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur

Tryggingadeildar námu alls 3.241 milljón króna og hækkuðu um 5,1% frá fyrra ári. Á árinu fékk sjóðurinn greiddar 316 milljónir króna frá ríkinu vegna jöfnunar á örorkubyrði milli lífeyrissjóða og hækkaði framlagið um 13% frá fyrra ári. Framlagið jafngildir um 34% af greiddum örorkulífeyri frá sjóðnum. Lífeyrisbyrði sem hlutfall af iðgjöldum var 55,1% samanborið við 56,2% á árinu 2011.

Líkt og undanfarin ár er Akureyrarkaupstaður stærsti launagreiðandi til sjóðsins með rétt um 300 milljónir kr. í iðgjaldagreiðslur á árinu. Alls greiddu 2.609 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins á árinu 2012. Þar af greiddu 15 stærstu sem svarar til 37% af iðgjöldum.



Stjórnarkjör fór fram en skv. samþykktum sjóðsins bar að þessu sinni að kjósa tvo fulltrúar launamanna og tvo til vara og einn fulltrúi launagreiðenda og einn til vara. Af hálfu launamanna voru Björn Snæbjörnsson og Pálína Margeirsdóttir kjörin

og til vara Anna María Elíasdóttir og Sverrir Mar Albertsson og af hálfu launagreiðenda var Guðrún Ingólfsdóttir kjörin aðalmaður og Gunnþór Ingvason til vara. Ný stjórn kom saman í kjölfar ársfundar og skipti með sér verkum. Björn Snæbjörnsson var kjörinn formaður stjórnar og Ágúst Torfi Hauksson varaformaður.

Þá samþykkti fundurinn tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins sem lagðar voru fyrir fundinn. Var m.a. um að ræða breytingar á fjölda stjórnarmanna, en þeim mun fjölgað úr 6 í 8, og mun stjórnarkjör á ársfundi 2014 taka mið af breyttum samþykktum. Aðrar breytingar sem voru samþykktar voru smávægilegar.

Á heimasíðunni www.stapi.is, má fá frekari upplýsinga um starfsemi sjóðsins. Á sjóðfélaga-vefnum þeirra geta sjóðfélagar og réttahafar séreignar einnig skoðað eigin stöðu hjá sjóðnum.

4. þing SGS

Dagana 16. til 18. október sl. fór fram 4. þing SGS. Tólf fulltrúar frá Einingu-Iðju sátu þingið sem fram fór í HOFI á Akureyri og bar yfirskriftina „Samstaða og samvinna.“



Helstu áherslur á þinginu voru kjaramál í aðdraganda kjarasamninga, atvinnumál almennt, húsnæðismál og fleira. Á þinginu voru samþykktar fjórar ályktanir; um kjaramál, atvinnumál, húsnæðismál og ríkisfjármál. Einnig var starfsáætlun til tveggja ára samþykkt sem og fræðslustefna sambandsins samþykktar. Í lok þings var Björn Snæbjörnsson endurkjörinn formaður sambandsins og Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður ALFs starfs-

greinafélags, var endurkjörin sem varaformaður SGS.

33. þing AN

Á 33. þing Alþýðusambands Norðurlands mættu tæplega 100 þingfulltrúar frá öllum stéttarfélögum á Norðurlandi. Eining-Iðja átti rétt á að senda 62 fulltrúa, en mikil forföll urðu í þeirra hópi og því mættu einungis 42 fulltrúar frá Einingu-Iðju.



Mikill samhugur og samstaða var á þinginu og voru kjaramál ofarlega á baugi enda var á þessum tíma stutt þangað til kjarasamningar myndu renna út. Tvær ályktanir voru samþykktar, önnur fjallar um efnahags- kjara- og atvinnumál og hin um flugvöllinn í Vatnsmýrinni. Þessar ályktanir má finna á www.ein.is

Fjölmargir gestir sátu þingið og fluttu fróðleg og góð erindi. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, átti að ávarpaði þingheim við setningu en hann forfallaðist á síðustu stundu. Formaður SGS, formaður LÍV, varaformaður Samiðnar og varaformaður Sjómannasambandsins voru meðal þingfulltrúa og voru fengin til að fara yfir stöðuna fyrir hvert samband fyrir sig. Samhljómur var um stutta samninga og öll brýndu þau til samstöðu.

Nýr formaður AN til næstu tveggja ára var kosinn Eiður Stefánsson, varformaður FVSA.

Framkvæmdir hjá félaginu

Mánudaginn 3. mars sl. var skrifstofa félagsins opnuð á ný á 2. hæð í Alþýðuhúsinu á Akureyri eftir gagngerar breytingar. M.a. var skipt um gólf- og loftaefni, bætt var við einni skrifstofu, geymslur voru sameinaðar, salurinn og eldhús/kaffistofa voru flutt um set,

snyrtingum í sameign breytt og afgreiðslan gerð mun aðgengilegri en áður. Trésmiðja Ösp sf. sá um verkið og gekk samstarfið við þá og undirverktaka þeirra mjög vel og stóðust allar tímaáætlanir.



Framkvæmdir stóðu yfir frá miðjum desember og lauk í lok febrúar. Á meðan framkvæmdirnar stóðu yfir flutti starfsemi félagsins í salinn á 4. hæðinni og sannaðist máltækið „Þröngt mega sátir sitja“ því „sambúðin“ í því litla rými gekk mjög vel.

Þann 2. desember sl. opnaði skrifstofa félagsins á nýjum stað á Dalvík, nánari tiltekið Hafnargötu 5. Áður var búið að selja eign félagsins í Ráðhúsinu og í kjölfarið var gengið frá leigu á Hafnargötunni til næstu 10 ára. Þetta húsnæði er á frábærum stað í bænum, við aðalgötuna, og því er skrifstofan mun sýnilegri en þar sem hún var staðsett í Ráðhúsinu.



Félagið fékk húsnæðið afhent í byrjun september og sá Tréverk á Dalvík um breytingarnar á því. Húsnæðið er á einni hæð og er því aðgengi að henni mjög gott, engir stigar sem þvælast fyrir. Lögmenn frá Pacta, endurskoðendur frá Enor og ráðgjafar frá Virk eru einnig með aðstöðu á skrifstofunni.

Þó skrifstofan hafi opnað á nýjum stað í byrjun desember þá var hún formlega opnuð 13. desember og mætti þó nokkur fjöldi á opnunina.

Í lok síðasta árs seldi félagið eina af sjúkraíbúðum sínum í Reykjavík. Um var að ræða íbúð sem er í fjölbýlishúsinu Ljósheimum 20. Þessi ákvörðun var tekin þar sem kominn var tími á að endurnýja hana og fyrirséð að það yrði sérstaklega erfitt að breyta baðherberginu á þann hátt að aðgengi fyrir fatlaða yrði í lagi. Í stað hennar keypti félagið í byrjun ársins íbúð í Sóltúni 30.



Nýja íbúðin er um 90 m² að stærð og er á 3. hæð. Ákveðið var að endurnýja baðherbergi hennar með tilliti til fatlaðra og einnig var ákveðið að mála hana alla. Íbúðin var tekin í notkun í mars.

Ennfremur var farið í almennt viðhald, í orlofshúsum og íbúðum, þar sem alltaf er þörf endurbóta.

Þjónustan á skrifstofunum

Eins og undanfarin ár var mikið álag á skrifstofum félagsins. Starfsmenn fá fjölmargar spurningar í sambandi við kaup og kjör. Fræðsla sem félagið fer með í skóla á svæðinu fyrir unga fólkið er líka að skila sér með aukinni aðsókn ungmenna. Í rúman áratug hefur Eining-Íðja beitt sér fyrir fræðslu í öllum tíundabekkjum á Eyjafjarðarsvæðinu og í öllum 1. bekkjum í VMA.

Nokkuð mörg mál eru í gangi varðandi innheimtu á félagsgjöldum.

Á skrifstofur félagsins og í gsm síma formanns var hringt inn vel yfir 20.000 símtöl síðastliðna 12 mánuði, þ.e.a.s. um 1.730 á mánuði eða um 80 símtöl að meðaltali á dag, alla virka daga sem opið er.

Miðasala í Hvalfjarðargöng er þjónusta sem félagið býður upp á og er heilmikið notuð. Hver miði er seldur á kr. 635.

Mikið hefur mætt á lögfræðingum félagsins bæði varðandi launakröfur, gjaldþrot og aðstoð við starfsmenn við að túlka samninga.

Rétt er að minna á samning sem félagið er með við PACTA lögmenn, en þeir sjá um alla lögfræðiþjónustu fyrir félagið. Starfsmönnum félagsins er heimilt að bjóða félagsmönnum sínum að leita viðtals og ráðgjafar hjá PACTA vegna ágreinings þeirra við vinnuveitendur, innheimtu launakrafna, skaðabótamála eða annarra mála, sem starfsmenn Einingar-Íðju telja rétt að bjóða viðkomandi félagsmanni. Félagið ber kostnað af þeirri þjónustu sem unnin er fyrir félagsmanninn og ekki fæst greiddur úr hendi vinnuveitanda, þrotabús hans, ábyrgðasjóði launa eða af öðrum aðilum. Algjört skilyrði er að félagsmenn hafi fyrst samband við Einingu-Íðju og er það félagsins að meta hvort málinu verði vísað til lögfræðinga félagsins

Í samningum er einnig kveðið á um að félagsmaður í Einingu Íðju, sem leitar til PACTA án þess að félagið hafi milligöngu þar um, skuli fá 15% afslátt af gildandi gjaldskrá PACTA á hverjum tíma.

Útgáfa og kynningarmál

Að venju gaf félagið út þrjú blöð á síðasta ári; orlofsblað, sumarblað og jólablað. Félagsblöðin voru borin út á öll heimili og fyrirtæki á félagssvæðinu, í um 11.000 eintökum, og hefur það mælst vel fyrir.

Heimasíða félagsins var eins og undanfarin ár bæði vel virk á árinu og vel sótt af félagsmönnum sem og öðrum.



Lögð er áhersla á að upplýsingar á síðunni séu sem aðgengilegastar og settar fram á greinargóðan hátt.

Á heimasíðunni má m.a. nálgast gagnlegar upplýsingar um félagið, kjaramál, fræðslumál og réttindi launafólks. Hægt er að skrá sig á póstlista og fá þannig nýjustu fréttir sem á hana koma beint í æð.

Félagavefur

Vert er að minna á félagavefinn þó fjölmargir noti hann. T.d. til að nálgast ýmsar upplýsingar um stöðu sína hjá félaginu á einfaldan hátt, athuga með orlofshús og sækja um þau. Það eina sem þarf að gera er að fara inn á heimasíðuna okkar, www.ein.is, og smella þar á hnappinn Félagavefur. Í fyrsta sinn sem þetta er gert þarf að skrá sig og þá fær viðkomandi sendan veflykil á lögheimili sitt.

Launagreiðendavefur

Félagið er með launagreiðendavef sem býður upp á einföldun við iðgjaldaskil og þægilegt aðgengi að upplýsingum um eldri færslur.

Í skilagreinarfinu eru t.d. villuprófanir sem einfalda útfyllingu og ættu að tryggja enn öruggari skil en áður en hann var tekinn í gagn. Í yfirliti fást síðan ítarlegar upplýsingar um eldri skilagreinar og greiðslustöðu.

Vinnustaðaskírteini

Tveir starfsmenn félagsins eru eftirlitsfulltrúar með vinnustaðaskírteinum, þeir Ásgrímur Örn Hallgrímsson og Þorsteinn E. Arnórsson.

Viðhorfskönnun

Á heimasíðu félagsins má finna niðurstöður í umfangsmikilli viðhorfskönnun sem gerð var á meðal félagsmanna sl. haust.

Capacent sá um könnunina, en hún var gerð í samstarfi við AFL starfsgreinafélag á austurlandi og voru notaðar eins spurningar í könnunum beggja félaganna. Þetta er í þriðja sinn sem félagið lætur gera könnun sem þessa og nú þegar er búið að ákveða að slíka könnun verður framkvæmt í samstarfi við AFL næsta haust.



VIRK starfsendurhæfingarsjóður

Fjórir VIRK ráðgjafar sinna ráðgjöf fyrir félagsmenn allra stéttarféлага í Eyjafirði. Ráðgjafarnir eru með aðsetur á skrifstofu félagsins á Akureyri; Dalrós J. Halldórsdóttir, Elsa Sigmundsdóttir, Hildur Petra Friðriksdóttir og Nicole Kristjánsson.



STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Elsa er með fasta viðveru á skrifstofu félagsins á Dalvík alla þriðjudaga og Dalrós er með fasta viðveru á skrifstofu félagsins í Fjallabyggð alla miðvikudaga.

Afsláttarkort AN



Afsláttarkort AN var tekið í notkun í desember 2012. Kortið, sem er samvinnuverkefni allra aðildarféлага sem eru innan Alþýðusambands Norðurlands, veitir afslátt hjá fjölmörgum fyrirtækjum. Stöðugt er unnið að því að reyna að bæta við fleiri fyrirtækjum. Best er að fylgjast með hverjir veita afslátt með því að fara á heimasíðu félagsins og smella á Afsláttarkort.



Þeir sem ekki hafa enn fengið kortið í hendur geta nálgast það á skrifstofum félagsins, á Akureyri, Dalvík eða í Fjallabyggð.

NÝTIÐ YKKUR ÞJÓNUSTU Í HEIMABYGGÐ

SIGLUFJÖRÐUR

Sími 460 3600
Eyrargata 24b
Opið alla virka daga frá kl. 9 - 15



Margrét Jónsdóttir
mogga@ein.is

ÓLAFSFJÖRÐUR

Sími 866 2562



Hafðís Kristjánsdóttir
Svæðisfulltrúi
ATH! Hægt er að kaupa miða í Hvalfjarðargöng á skrifstofu Sjómannafélags Ólafsfjarðar

DALVÍK

Sími 460 3600
Hafnarbraut 5
Opið: 9-14 virka daga,
nema miðvikudaga 9-16



Freydis Antonssdóttir
freydis@ein.is



HRÍSEY

Sími 692 4910



Guðrún Þorbjarnardóttir
Svæðisfulltrúi

GRENIVÍK

Sími 844 5729



Róbert Þorsteinsson
Svæðisfulltrúi

AKUREYRI

Skipagötu 14
Opið kl. 8-16 alla virka daga
Sími 460 3600



Björn Snæbjörnsson
bjorn@ein.is



Ásgrímur Örn Hallgríms
asgrimur@ein.is



Þorsteinn E. Arnórsson
steini@ein.is



Sigrún Lórusdóttir
sigrun@ein.is



Dalrós J. Halldórsdóttir
dalros@ein.is



Hildur Petra Friðriksd.
hildurpetra@ein.is



Brynja Skarphéðinsdóttir
brynja@ein.is



Anna Júlíusdóttir
annajul@ein.is



Margrét Einarssdóttir
margret@ein.is



Nicole Kristjánsson
nicki@ein.is



Elsa Sigmundsdóttir
elsa@ein.is

VERIÐ VELKOMIN!

EINING-ÍÐJA
ER ÖFLUGT STÉTTARFÉLAG Á LANDSBYGGÐINNI



www.ein.is

Áritun óháðs endurskoðanda

Til félagsmanna og stjórnar Einingar - lðju.

